
FUNDARGERÐ

Fundur: 107. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir.
Fundartími: Fimmtudagur 22. október 2015, kl. 10:00-11:45
Fundarstaður: EFLA
Fundarefni: 1) Staða skráningar.
2) Kostnaður vegna skorts
3) Áætlun ársins 2016.
4) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

START:

Ragnar Stefánsson, Landsnet
Benedikt Einarsson, Orkuveita Reykjavíkur
Egill Sigmundsson, HS Veitur
Gunnar Haukur Gunnarsson, Norðurorka
Kjartan Rolf Árnason, RARIK
Ragnar Emilsson, Orkubú Vestfjarða
Rán Jónsdóttir, Orkustofnun

EFLA:

Ingvar Baldursson
Kolbrún Reinholdsdóttir

Fjarverandi:

Sigfús Guðlaugsson, Rafveita Reyðarfjarðar

107 fundur START hópsins.

- 1) Skráning truflana er í hefðbundnum farvegi hjá veitunum. Nokkuð fleiri fyrirvaralausar truflanir hafa verið hjá Landsneti miðað við fyrri ár. Þótt tilvikin séu fleiri er heildarskerðing minni og straumleysismínútur eru undir meðaltali. Það hafa verið nokkrar bilanir í háspennukerfi hjá Norðurorku, en öll tilvik hafa verið undir þeim mörkum sem tilkynna þarf til Orkustofnunar. Orkuveita Reykjavíkur er að sjá fleiri tilvik vegna áverka en undanfarin ár, það stafar af greftri og tengist auknum umsvifum í byggingariðnaði. Færri tilvik eru hjá OR vegna hrönnunar í búnaði, en þeir hafa markvisst verið að endurbæta kerfið og skipt út búnaði. Fleiri fyrirvaralausar truflanir eru hjá RARIK í ár miðað við árið 2014, en færri skýrslur vegna skipulags viðhalds.
- 2) Kolbrún fór yfir skýrsluna „Kostnaður vegna raforkuskorts. Tölur til notkunar árin 2015 og 2016“. Ragnar Stefánsson nefndi að athugasemdir kæmu innan Landsnet hvernig kostnaður vegna heimila og verslunar væri metin. Einnig benti hann á að kostnaðurtölur fyrir opinber þjónusta væri há. Kolbrún útskýrði að útreikningar

byggja á hagtölum, vinnsluvirði atvinnugreina og könnun START hópsins frá árinu 1996. Í umræðu um kom fram að tölur um kostnað byggja á tæplega 20 ára gamlri könnun. Kjartan sagði frá grein frá norskum aðilum sem var birt á CIRED ráðsefni í sumar (23 International Conference on Electricity Distribution) um aðferðir að meta kosnað við truflanir. Nefndi hann að gera þyrfti nýja könnun. START hópurinn hefur verið að bíða eftir niðurstöðum frá verkefninu „Garpur“, en engar niðurstöður hafa enn komið þaðan. Í áætlun næsta árs er gert ráð fyrir vinnu til að endurmeta grunntölur um kostanað vegna skorts og vonandi koma einhverjar niðurstöður frá Garpi sem hægt er að styðjast við.

Könnunin og endurgerð hennar hafa komið til umræðu árlega í hópnum í nokkur ár, en ef fara á í nýja könnun er það mikill kostnaður. Skoða þyrfti að sækja um styrki til þessarar athugunar og Orkustofnun þyrfti einnig að taka þátt í þessum kostnaði. Umræður um þetta voru nokkrar og spurt var um hvar þetta væri notað, og bentu Ingvar og Kolbrún á nokkur dæmi um skýrslur sem gefnar hafa verið út á síðustu árum sem styðjast við þennan kostnað.

Benedikt nefndi að hjá OR væri þeirra mat að mesti skaðinn væri þegar truflun hefur átt sér stað en ekki í lengd hennar.

- 3) Ingvar fór yfir áætlun um starfið á árinu 2016 og rauntölur um vinnu ársins 2015 sem verður líklega innan áætlun ársins bæði vegna sameiginlegra verkefna og fyrir sérgreind verkefni á fyrirtæki. Kostnaður vegna hugbúnaður er ekki lengur með í áætlun START hópsins. Norðurorka mun á næsta ári skrá rekstrartruflanir í DMM kerfi eins og gert er hjá OV og HS Veitum. Landsnet mun færa truflanskráningar yfir í nýtt kerfi sem tengist eingarumsjónarkerfi (Landstjóra).

Áætlunin var samþykkt með þeim fyrirvara að aðilar/fundarmenn hafa viku til að koma með athugasemdir.

- 4) Undir liðnum önnur mál.

a) „*Meðhöndlun undartekningartilvika í tölfræði um gæði raforku*“. Kjartan vakti athygli á að við að sleppa undartekningartilvikum fengist betri mynd á það hvert áreiðnaleiki raforkukerfisins væri að stefna. Benti á glærुकynningu frá CIRED ráðstefnu í sumar í því sambandi. Ákveðið að skoða þetta atriði á næsta ári þegar gengið væri frá skýrslu um „*Stuðlar um afhendingu raforku*“. Kjartan var beðinn um að senda þessa kynningu og upplýsingar um staðal sem fjallar um þessi mál.

b) Tillaga kom fram að hafa næsta fund START hópsins á Ísafirði á sama tíma og

fagfundur raforkusviðs Samorku verður haldinn þar, dagana 26. og 27. maí. Var talað um að það yrði skoðað.

Fleira ekki gert.

Ingvar Baldursson

Dreift var fyrir fundinn:

- Skýrsla: Kostnaður vegna raforkuskorts. Tölur til notkunar árin 2015 og 2016.
- Vinna fyrir starfshóp um rekstrartruflanir 2016, Verkefnishandbók

Sýnt var en ekki dreift:

- Glærur: kynning á skýrslu: „Kostnaður vegna raforkuskorts. Tölur til notkunar árin 2015 og 2016.“
- Glærur: Áætlun ársins 2015, rauntölur ársins 2015 og áætlun ársins 2016.

Verkefni:

Umsjón	Verkefni